

Ed.

550. Nefndarálit

[57. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, voru ekki teknar upp í fjárlög fyrir árin 1969—70 fjárveitingar til Fiskveiðasjóðs Íslands, svo sem lög um sjóðinn, nr. 75 13. maí 1966, kveða á um.

Ástæðan til þess var sú, að með lögum nr. 5/1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið að fella niður beint fjárframlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs Íslands fyrir árið 1968.

Forsenda þessarar ákvörðunar mun hafa verið sú, að með lögum nr. 58/1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, var ákveðið að verja úr ríkissjóði sem stofnframlagi til sjóðsins 124 millj. kr. — Auk þessa hafa stofnfjár sjóðnum verið tryggðar tekjur á annan hátt, sbr. lög nr. 79/1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi ísl. krónu.

Að sjálfsgöðu skiptir það miklu máli fyrir fiskveiðasjóðinn, að viðskiptamenn sjóðsins geti staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af lánum sínum. — Sú ráðstöfun, sem gerð var með áðurgreindri löggjöf, skapar útgerðarmönnum mikla möguleika á því, að svo megi verða.

Þrátt fyrir það er það álit meiri hluta nefndarinnar, að með tilliti til hinna miklu fjárhagslegu skuldbindinga, sem á Fiskveiðasjóði Íslands hvíla, og með tilliti til þess, hve fjármagnsbörf sjóðsins er mikil, verði ekki hjá því komizt, að ríkissjóður leggi sjóðnum til nokkurt fjármagn með föstu framlagi árlega.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því leyft sér að bera fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur við frumvarpið. Breytingartillögur þessar fela það í sér, að árlegt framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands verði 35 millj. kr.

Hins vegar telur meiri hlutinn, að ekki verði hjá því komizt að samþykkja niðurfellingu á framlagi fyrir árin 1969 og 1970, svo sem frumvarpið kveður á um, og er það í samræmi við afgreiðslu fjárlaga.

Sjávarútvegsnefnd var ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn skila séráliti um frumvarpið.

Alþingi, 11. apríl 1970.

Jón Árnason,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Sveinn Guðmundsson.

Axel Jónsson.